

Reglur um stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn og fjölskyldur samkvæmt lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

1. gr.

Markmið og markhópur

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 38/2018 skulu fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur. Þörf fyrir þjónustu er metin í hverju tilfelli fyrir sig út frá fötlun barns og aðstæðum fjölskyldu. Við matið er horft til aldurs barns, umönnunarþunga, stig fötlunar og félagslegra aðstæðna fjölskyldunnar.

Markmið þjónustunnar er að stuðningsfjölskylda tekur fatlað barn í umsjá sína í skamman tíma í þeim tilgangi að létta álagi af fjölskyldu þess og auka möguleika barnsins á félagslegri þátttöku létta álagi á fjölskyldum fatlaðra barna og gefa börnunum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku. Heimilt er, eftir mati, að veita fjölskyldum fatlaðra einstaklinga 18 ára og eldri kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna á meðan beðið er eftir annarskonar stuðningi.

2. gr.

Réttur til þjónustu og inntak hennar.

Félagsþjónusta Norðurlands sýr um framkvæmd þjónustuna á grundvelli samnings um sameiginlegt þjónustusvæði vegna málefna fatlaðs fólks og samnings Norðurlands og Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar, Svalbarðshrepps, Tjörneshrepps og Langanesbyggðar. um félags- og barnaverndarþjónustu. Allir íbúar á félagsþjónustusvæði Norðurlands eiga rétt til þjónustu að uppfylltum öðrum viðmiðum skv. reglum þessum.

Félagsþjónusta Norðurlands sýr til þess, eins og hægt er hverju sinni, að fjölskyldur séu tiltækar sem stuðningsfjölskyldur.

Dvöl miðast við sólarhringsþjónustu og er að hámarki sex sólarhringar í mánuði. Við sérstakar aðstæður er hægt að veita undanþágu frá þessum viðmiðum, að gefnu faglegu mati starfsmanna

Leitast skal við að taka tillit til óska foreldra við val á stuðningsfjölskyldu. Dvölin skal bundin í þrjú samningi milli fjölskyldu barns, stuðningsfjölskyldu og félagsþjónustu. Gildistími samnings er að hámarki eitt ár.

Ekki er heimilt að fela stuðningsfjölskyldu umsjón fleiri en tveggja fatlaðra barna í senn, nema um systkini sé að ræða. Þörf barns fyrir stuðningsfjölskyldu er alltaf metin í samráði við foreldra þess. Leitast skal við að veita barninu þjónustu inni á heimili þess eftir því sem kostur er. Við matið er horft til aldurs barns, eðlis og umfangs fötlunar, mats á stuðningsþörf sem og annarrar þjónustu sem veitt er og félagslegra aðstæðna.

3. gr.

Meðferð umsókna.

Þeir sem óska eftir stuðningsfjölskyldu sækja um það hjá Félagsþjónustu Norðurþings á þar til gerðum eyðublöðum þar sem fram kemur aldur og fötlun barns, fjölskylduaðstæður og fleira. Umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu Norðurþings.

Allar umsóknir um stuðningsfjölskyldur eru afgreiddar á samráðsfundi Félagsþjónustu Norðurþings. Öllu jafna er umsækjandi boðaður í viðtal innan tveggja vikna. Sé ekki unnt að hefja þjónustu strax og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær þjónustan verði veitt. Ef fyrir sé að þjónusta sem sótt var um geti ekki hafist innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar skal leiðbeina umsækjanda um þau úrræði sem hann hefur á biðtíma og aðra þjónustu sem er í boði. Þá skal veita honum aðra viðeigandi þjónustu á meðan beðið er eftir að þjónustan sem samþykkt hefur verið hefjist.

4. gr.

Val á stuðningsfjölskyldu.

Norðurþing ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þessarar þjónustu á grundvelli 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2018. Í ábyrgðinni felst meðal annars veiting leyfis til stuðningsfjölskyldna, að ákvörðun um val á stuðningsfjölskyldu sé í samræmi við skýrar faglegar kröfur og að stuðningsfjölskylda uppfylli hverju sinni þau skilyrði sem ákvörðun byggist á.

Val á stuðningsfjölskyldu getur verið með tvennum hætti

- Leyfið er veitt stuðningsfjölskyldu á grundvelli umsóknar þar að lútandi .
- Ákvörðun tekin hverju sinni um að ganga til samninga við tiltekna stuðningsfjölskyldu.

Sveitarfélög skulu leitast við að veita stuðningsfjölskyldum fræðslu sem getur komið að gagni í faglegu starfi þeirra.

5. gr.

Gagnaöflun.

Áður en leyfi er veitt eða ákvörðun tekin þarf að afla eftirfarandi gagna frá verðandi stuðningsfjölskyldu og meta aðstæður á heimili stuðningsfjölskyldu og skrifa greinargerð að loknu mati. Umsækjanda skal kynnt efni greinargerðarinnar og gefinn kostur á að koma að athugasemdum.

Gögn sem þurfa að fylgja umsókn:

- Búsetuvottorð.
- Læknisvottorð.
- Samþykkis allra heimilismanna eldri en 15 ára fyrir því að sveitarfélag eða lögaðili um þjónustusvæði afli upplýsinga úr sakaskrá.
- Samþykkis forráðamanna stuðningsfjölskyldu fyrir því að heimilt sé að leita upplýsinga um stuðningsfjölskyldu og aðbúnað á heimili hennar frá öðrum aðilum, svo sem vinnuveitendum, félagsþjónustu annarra sveitarfélaga og/eða heilbrigðisfulltrúa.
- Staðfestingar byggingafulltrúa um að eldvarnir á heimilinu séu fullnægjandi.
- Staðfests yfirlits um starf með börnum. Upplýsinga um önnur leyfi eða verkefni annaðhvort fyrir fötluð börn eða samkvæmt barnaverndarlögum.

Stuðningsfjölskylda skrifar undir þagnarheit varðandi þær upplýsingar sem hún fær um einkahagi viðkomandi fjölskyldu.

Í greinargerð koma fram upplýsingar um ástæður umsóknar, stutt lýsing á heimilisaðstæðum og aðbúnaði, eiginleikar og fjölskylduaðstæður umsækjenda, viðhorf til þess að gerast stuðningsfjölskylda og eiga samskipti við starfsfólk félagsþjónustu, reynsla af umönnun barna og þekking á umönnun fatlaðra barna. Í greinargerð kemur jafnframt fram samantekt á niðurstöðum framlagðra gagna skv. 5. gr. leiðbeininga þessara.

Stuðningsfjölskylda skuli tafarlaust tilkynna um allar breytingar á atriðum sem máli geta skipt við framkvæmd þjónustunnar.

6.gr.

Form samnings og samningsfjárhæðir.

Gerður er sérstakur samningur um dvöl barns.

- Samningsfjárhæð tekur almennt til stuðningsparfar barnsins. Miðað er við að þjónusta hefjist þegar barn er komið á heimili stuðningsfjölskyldu eða stuðningsfjölskyldan á heimili barnsins ef því er að skipta. Ferðir barns við upphaf og lok dvalar teljast ekki til þjónustu stuðningsfjölskyldu nema sérstaklega sé um það samið.
- Forráðamenn barnsins bera ábyrgð á ferðum þess til og frá stuðningsfjölskyldu nema um annað sé samið sérstaklega.
- Samningsfjárhæðin skal taka mið af þeim fjölda sólarhringa sem barnið dvelst hjá fjölskyldunni sem og umönnunarþörf.
- Úttekt á framkvæmd þjónustunnar skal eiga sér stað á samningstímabili og eigi sjaldnar en á tólf mánaða fresti. Samningur getur framlengst sjálfkrafa en í honum skulu vera gagnkvæm uppsagnarákvæði. Ef þjónustan er veitt á grundvelli leyfis, sbr. 4. gr. leiðbeininga þessara. Samningur fellur úr gildi með gildistíma leyfis. Einnig má rifta samningi ef forsendur ákvörðunar eða leyfis bresta.
- Stuðningsfjölskylda er óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þeim sem njóta þjónustunnar.

7. gr.

Form á greiðslum.

Stuðningsfjölskylda gerir verksamning við sveitarfélagið. Um skattskyldar verktakagreiðslur er að ræða og þá ber að hafa hliðsjón af tryggingamálum og öðrum hliðstæðum atriðum, sbr. 8. gr. Þegar um verktakasamning er að ræða getur stuðningsfjölskylda enn fremur dregið frá skattskyldum greiðslum tiltekinn kostnað samkvæmt reglum ríkisskattstjóra.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna eru samkvæmt gjaldskrá Félagsþjónustu Norðurþing og taka mið af eftirfarandi flokkum:

Greiðslur á sólarhring eftir umönnunarflokki

- Börn í umönnunarflokki 1 (85-100%) fá 2-6 sólarhringa á mánuði.
 - Greitt er 38.915 kr. fyrir sólarhringinn.

- Börn í umönnunarflokki 2 (43-70%) fá 2-4 sólarhringa á mánuði.
 - Greitt er 30.115 kr. Fyrir sólarhringinn.
- Börn í umönnunarflokki 3 (25-35%) fá 1-2 sólarhringa á mánuði.
 - Greitt er 23.190 kr. fyrir sólarhringinn.

Börn í umönnunarflokki 4 og 5 eiga ekki rétt á stuðningsfjölskyldu. Heimilt er í undantekningartilvikum að víkja frá þessu ákvæði að gefnu faglegu mati starfsmanns félagsþjónustu.

Umsækjandi fær skriflegt svar um afgreiðslu umsóknar innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst félagsþjónustunni. Ef umsókn er sett á biðlista er umsækjanda tilkynnt það bréflega.

8. gr.

Tryggingar og tengd atriði.

Í skilmálum leyfis er unnt að kveða á um hvaða tryggingar stuðningsfjölskylda skuli hafa. Byggist þjónustan á verktakasamningi skal hverju sinni kveðið á um tryggingamál. Með sama hætti er fjallað um eldvarnir og önnur slík atriði sem þurfa að vera í lagi á hverjum tíma.

9. gr.

Upplýsingamiðlun og eftirlit.

Í reglum sveitarfélags skulu vera ákvæði um gagnkvæma upplýsingamiðlun til að tryggja að framkvæmd sé í senn skilvirk og í þágu þeirra markmiða sem úrræðinu er ætlað að þjóna.

Sveitarfélag eða þjónustusvæði ber ábyrgð á því að stuðningsfjölskylda fái viðeigandi upplýsingar um allt það sem er mikilvægt fyrir velferð barnsins, þar á meðal heilsufar þess, hvort barn sé með ofnæmi eða óþol, mögulega lyfjainntöku og aðrar sérþarfir. Stuðningsfjölskylda ber ábyrgð á því að upplýsa sveitarfélag barnsins og forráðamenn þess um allt það sem upp kemur meðan á dvöl stendur og gæti haft áhrif á líðan barnsins. Almennt ætti stuðningsfjölskylda að gefa munnlegar upplýsingar eftir hverja dvöl. Óski foreldri barns eftir skriflegri staðfestingu á einhverjum atriðum skal orðið við því.

Upplýsingagjöf milli aðila getur verið útfærð með þríhliða samkomulagi sveitarfélags, stuðningsfjölskyldu og forráðamanna barnsins. Með sama hætti skal kveða á um þagnarskyldu, þ.e. að stuðningsfjölskylda undirgangist þagnarheit varðandi upplýsingar um barnið og fjölskylduhagi þess. Forráðamenn barns skulu einnig undirgangast þagnarheit varðandi hagi stuðningsfjölskyldu. Þagnarskyldan helst eftir að dvöl lýkur eða þegar samningur rennur sitt skeið á enda.

Í þríhliða samkomulagi sveitarfélags, stuðningsfjölskyldu og forráðamanna barns má einnig fjalla um önnur atriði sem ekki teljast til heimilishalds eða dvalar, s.s. afþreyingu. Jafnframt getur slíkt samkomulag kveðið á um reglulega fundi félagsþjónustunnar með báðum fjölskyldum.

Úttekt á framkvæmd þjónustunnar skal eiga sér stað á samningstímabili og eigi sjaldnar en á tólf mánaða fresti. Veiti stuðningsfjölskylda jafnframt aðstoð á grundvelli barnaverndarlaga, þannig að einkaheimili hennar falli undir 91. gr. þeirra laga, koma bæði félagsþjónusta og barnaverndaryfirvöld að eftirliti.

10. gr.

Gildistaka.

Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um þjónustu stuðningsfjölskyldna samkvæmt lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, taka þegar gildi.